


Krabbamein í lungum



Lungnakrabbamein eru algeng krabbamein eða 11% allra krabbameina á Íslandi. Þau eru í hópi örfárra krabbameina þar sem meginorsök er þekkt. Um 80-90% allra lungnakrabbameina orsakast af tóbaksreykingum. Lungnakrabbamein eru algengasta dánarorsök af völdum krabbameina meðal iðnvæddra vestrænna þjóða.

Meinin voru áður tvöfalt algengari hjá körlum en konum, en nú eru þau nánast jafn algeng hjá báðum kynjum. Á árabílinu 2006-2010 var aldursstaðlað nýgengi hér á landi 32,8 af 100.000 hjá körlum og 32,2 af 100.000 hjá konum. Nýgengi lungnakrabbameina hefur lækkað lítillega meðal karla á síðustu árum en staðið í stað hjá konum í kjölfar þess að öflugar tóbaksvarnir hófust um 1975. Nýgengið meðal kvenna er hærra hér á landi en í flestum öðrum löndum, sennilega vegna þess að íslenskar konur byrjuðu fyrr að reykja en konur annars staðar. Meðalaldur við greiningu þessara meina hér á landi er tæp 70 ár.

Öndunarfærin eru mynduð úr lungum með berkjum (lungnapípum), ásamt barka og nefholi. Lungun eru gerð úr lungnapípum og um það bil 300 milljónum lungnablaðra. Úr innöndunarlofti fáum við þar súrefni sem tekið er upp í blóðið um leið og lungnablöðurnar losa líkamann við koltvísýring úr blóðinu við útöndun. Slímhúð öndunarvegarins er þakin litlum bifhárum, sem eru alltaf á hreyfingu og færa óhreinindi upp úr lungunum og virka sem hreinsunarkerfi.

Lungnakrabbameinum er skipt í fjórar megingerðir eftir vefjafræðilegri flokkun: Flöguþekjukrabbamein, kirtillkrabbamein, smáfrumukrabbamein og stófrumukrabbamein. Allar þessar vefjagerðir eru taldar tengjast reykingum, en þó síst kirtillkrabbamein. Smáfrumukrabbamein er illvígasta gerðin og hafa sjúklingar með þessa gerð æxla almennt verstar horfur þar sem sjúkdómurinn er oftast útbreiddur við greiningu.

Orsakir og áhættuþættir

Reykingar eru ráðandi orsök lungnakrabbameins og þær eru valdar að átta til níu af hverjum tíu tilfellum af lungnakrabbameini. Vitneskjuna um samband milli tóbaksreykinga og lungnakrabbameins má rekja allt aftur til ársins 1950. Að reykja einn sigarettupakka á dag í meira en tíu ár er talið tífalda líkurnar á lungnakrabbameini. Í tóbaksreyk eru um 7.000 efni og efnasambönd, meðal annars tjara, sem veldur skemmdum í erfðaefni fruma, auk annarra efna sem líka auka áhættu á krabbameini. Tóbaksreykingar gera það einnig að verkum að bifhárin í öndunarþekjunni lamast og það dregur úr virkni þessa mikilvæga hreinsunarkerfis og eykur skaðsemi eiturefna. Fyrir utan reyklingar geta m.a. asbest og ýmis önnur efni svo sem arsenik, vínylklóríð, nikkell, úraníum, sinnepsgas, ásamt sumum loftmengandi efnunum í stórborgum stuðlað að lungnakrabbameini.


Landfræðilegur munur

Lungnakrabbamein er algengasta dánarorsök vegna krabbameina hjá vestrænum þjóðum. Árlega má reikna með að um 1,4 milljónir manna greinist með slík æxli. Þótt lungnakrabbamein sé nú algengast á Vesturlöndum er vitað að reyklingar aukast óðum í Afríku og Asíu, ekki síst í Kína, og munu milljónir nýrra lungnakrabbameinstíffella koma fram í þessum heimsálfum á næstu áratugum. Hjá konum er nýgengi lungnakrabbameins talsvert hærra hér á landi en t.d. í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi og er það með því hæsta sem þekkt meðal kvenna.


Einkenni

Lungnakrabbamein á frumstigi gefur sjaldan einkenni. Flestir reykingamenn eru með hósta vegna þess að slímhúð lungnapípanna verður fyrir ertingu af völdum tóbaksreyks og reykingarnar stuðla að ýmsum lungnasjúkdómum sem valdið geta hósta. Þar á meðal eru lungnaþemba og langvinn berkjubólga (krónískur bronkítis). Stöðugan hósta ber að taka alvarlega og rannsaka, t.d. með röntgenmyndatöku. Stund-

Árlegt aldursstaðlað nýgengi



Árleg aldursstöðluð dánartíðni



um getur lungnakrabbamein leitt til þess að reykingahósti breytist. Sjúklingurinn getur einnig fengið einkenni sem líkjast astma, enn fremur getur lungnakrabbamein gefið sig til kynna fyrst með lungnabólgu. Það að hósta upp blóði er alvarlegt einkenni sem getur bent til þess að æxli hafi vaxið í gegnum slímhúð lungnapípanna. Stundum fylgir verkur af því að æxlið þrýstir á taugar og getur það til dæmis valdið raddbandalömun. Einnig geta lystarleysi, slappleiki, þyngdartaþ, þreyta og langvarandi hiti verið einkenni um lungnakrabbamein. Stundum uppgötvast æxli nánast fyrir tilviljun við lækniseftirlit eða þegar tekin er röntgenmynd án þess að einkenni séu frá lungum.

Greining

Ef sjúkrasaga gefur vísbendingar um lungnakrabbamein er venjan að senda sjúkling í röntgenmynd og/eða tölvusneiðmynd af lungum og getur þá komið fram þétting eða hnútamyndun, sem gefur grun um æxlisvöxt. Í framhaldinu er nauðsynlegt að framkvæma vefjarannsókn eða frumurannsókn á meininu. Yfirleitt er nauðsynlegt að gera berkjuspeglun með vefjasýnatöku eða ástungu á meinið með nál í gegnum brjóstkassann. Með berkjuspeglun er átt við að lækni þræði speglunartæki niður öndunarveginn og niður í berkjur og skoði þannig slímhúð berkja. Á þann hátt er unnt að kanna hvort afbrigðileg slímhúð sé til staðar eða hvort þétting eða fyrirferð sjáist. Í gegnum speglunartækið er svo unnt að taka vefja- og/eða frumusýni úr meininu til greiningar. Með rannsókn meinafræðinga á vefja- eða frumusýninu er unnt að meta hvort um illkynja mein sé að ræða og þá hvers konar æxli. Greinist æxlisvöxtur er mikilvægt að afla upplýsinga um útbreiðslu meinsins í líkamanum með því að gera tölvusneiðmyndarrannsóknir, segulómrannsóknir og jafnvel miðmætispeglun svo hægt sé að taka afstöðu til þess hvaða meðferð eigi við.

Meðferð

Lungnakrabbamein er meðhöndlað með skurðaðgerð þegar æxli telst skurðtækt eftir nákvæma rannsókn á sjúklingi. Um þriðjungur sjúklinga greinist með æxli sem unnt er að fjarlægja með skurðaðgerð. Þetta gildir aðallega um kirtilkrabba-

mein og flöguþekjukrabbamein, sem greinast áður en æxlið hefur dreift sér. Við aðgerðina er yfirleitt fjarlægður hluti lungans og er gjarnan gert svokallað blað nám en í stöku tilfellum þarf að fjarlægja annað lungað í heild sinni. Hjá hluta þeirra sem fara í skurðaðgerð kemur í ljós eftir aðgerð að meinið finnst í nálægum eitlum í lungum. Þá er oft gefin krabbameinslyfjameðferð til viðbótar skurðaðgerð. Aðgerð er nánast aldrei unnt að beita við smáfrumukrabbameini. Þegar ekki er unnt að fjarlægja lungnakrabbamein með skurðaðgerð er það meðhöndlað með geislum og/eða krabbameinslyfjum, stundum í þeim tilgangi að lækna meinin en oftast til þess að halda aftur af sjúkdóminum. Miklar framfarir hafa orðið í lyfjameðferð lungnakrabbameina sem leitt hafa til betri lífsgæða og lengri lifunar.


Horfur

Sjúklingar með lungnakrabbamein hafa yfirleitt ekki góðar horfur þar sem meinin greinast oft seint og því miður læknað fæstir varanlega af þessum meinum.

Yfirlit (2006-2010)

	Karlar	Konur
Meðalfjöldi tilfella á ári	77	80
Hlutfall af öllum meinum	10,5%	12,2%
Meðalaldur við greiningu	70 ár	69 ár
Meðalfjöldi látinna á ári (2005-2009)	66	65
Fjöldi á lífi í árslok 2010	165	219

Aldursbundið nýgengi 2006-2010



Fimm ára hlutfallsleg lifun

